

Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahreppur  
Kjarna  
650 Laugar



Reykjavík 23. janúar 2017  
UST201611-213/K.S.J.  
10.04.02

## **Efni: Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010 – 2022, tillaga að breytingu á svæði Hólsvirkjunar í Fnjóskadal**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar er barst 29. nóvember. sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar á virkjanasvæði Hólsvirkjunar við Árbugsá í Fnjóskadal.

Í greinargerð kemur fram að Arctic Hydro áformar að reisa 5,5 MW vatnsaflsvirkjun. Virkjað verður rennsli Hólsár og Gönguskarðsár. Einnig kemur fram að virkjunarsvæðið er í landi Ytra-Hóls, Syðra-Hóls og Garðs, nyrst í Fnjóskadal. Stærð skilgreinds iðnaðarsvæðis er 36 ha. Virkjunin er áætluð í austurhlíðum Fnjóskadals og virkjar vatn sem annars rynni í Árbugsá.

### **Breyting á aðalskipulagi**

Ofangreind tillaga að breytingu á aðalskipulagi felur í sér að 36 ha lands sem áður voru skilgreind sem landbúnaðarland og óbyggt svæði verður eftir breytingu skilgreint sem iðnaðarsvæði. Áætlað iðnaðarsvæði dreifist víða um Hólsdal. Einnig gerir breytingartillagan ráð fyrir 6 efnistökusvæðum.

### **Jarðstrengur**

Í greinargerð kemur fram að samhliða gerð virkjunarinnar verði lagður 33 kwV jarðstrengur frá stöðvarhúsi virkjunarinnar að Rangárvöllum á Akureyri.

### **Umhverfisskýrsla**

#### **Gróður**

Ljóst er að ofangreindar framkvæmdir munu hafa í för með sér rask á þeim gróðurlendum sem farið er yfir. Framkvæmdirnar taka yfir alls 36 ha, en dreifast um stærra svæði. Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdir munu skerða votlendi yfir 2 ha að stærð sem nýtur sérstakrar verndar sjá 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, votlendistungur, lyng og fjalldrapamóa og annan hlíðagróður og hallamýri sem einnig nýtur sérstakrar verndar. Í umhverfisskýrslu kemur einnig fram að sömuleiðis megi vænta gróðurbreytinga meðfram ánum neðan stíflu o.s.frv. Umhverfisstofnun fellst ekki á að áhrif á gróður sé

óverulegur af áætluðum framkvæmdum eins og segir í aðalskipulagsbreytingartillögunni, enda um yfirgripsmikið svæði að ræða. Umhverfisstofnun bendir á að í umhverfisskýrslu (tilkynningaskýrslu) er áhrif á gróður metin neikvæð en óveruleg. Að mati stofnunarinnar fer það eftir mótvægisáðgerðum þ.e. vinnslu með svarðlag, hvernig vegagerð sem kallar á skeringar verður háttáð og almennum frágangi hve mikil áhrif á gróður verða, en að mati stofnunarinnar verða þau neikvæð.

### Fuglalíf

Í umhverfisskýrslu kemur fram að ofangreind framkvæmd gæti haft neikvæð áhrif á tvær vástategundir. Ekki er ljóst hvaða áhrif breytt rennsli muni hafa á lífríki og vástategundir.


### Landslag og ásýnd


Í umfjöllun um landslag og ásýnd eru áhrif áætlaðra virkjanaframkvæmda talin óveruleg. Umhverfisstofnun bendir á að hér er um að ræða framkvæmdir sem dreifast um svæði sem til þessa hefur verið lítt snortið af mannvirkjagerð. Fram kemur að hæstu virkjanaveggir eru 10 metrar. Einnig verður mikið rask á gróðri þar sem aðrennslispípur fara um og ljóst að tíma tekur að græða upp með staðargróðri þau sár sem myndast. Að mati stofnunarinnar er ekki hægt að smætta áhrifin með því að tala um að fáir eigi leið um framkvæmdasvæðin. Stofnunin bendir á að ósnortnum svæðum fækkar ört og verðmæti slíkra svæða eykst eftir því sem þeim fækkar. Að mati Umhverfisstofnunar verða áhrif á landslag veruleg, ekki aðeins á 36 ha svæði heldur á umlykjandi svæðum einnig.

Umhverfisstofnun telur að nokkur óvissa sé um umhverfisáhrif ofangreindrar aðalskipulagsbreytingar hvað varðar stærð votlenda á framkvæmdasvæðinu, einnig eru upplýsingar um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríki Hólsár og Gönguskarðsár, áhrif á bakkagróður og áhrif á landslag og sjónræn áhrif ekki nægilega skýrar.

Umhverfisstofnun bendir á að beðið er eftir niðurstöðu Skipulagsstofnunar um hvort ofangreind framkvæmd sé matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s. breytingum. Umhverfisstofnun áskilur sér rétt til frekari athugasemda ef í mati á umhverfisáhrifum koma fram ítarlegri upplýsingar um svæðið og áhrif framkvæmdanna á það.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymisstjóri